

20. gr.

Ýmis ákvæði.

1. Um þau atriði sem ekki er fjallað um í reglum þessum gilda almennar reglur um öryggisbúnað véla eftir því sem við á.

2. Bílalyftur sem í notkun eru við gildistöku reglna þessara, og ekki uppfylla ákvæði þeirra, skulu lagfærðar innan árs frá gildistöku þeirra. Vinnueftirlitið getur þó veitt lengri frest til úrbóta.

21. gr.

Áfrýjun.

1. Ákvörðunum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og annarra starfsmanna stofnunarinnar má skjóta til stjórnar stofnunarinnar innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi aðila hefur verið tilkynnt ákvörðunin. Stjórnin skal fella úrskurð um málið svo fljótt sem verða má.

2. Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því að ákvörðun stjórnarinnar var tilkynnt viðkomandi, sbr. þó 2. mgr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

22. gr.

Viðurlög.

1. Brot gegn reglum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við lögum samkvæmt. Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Gildistaka.

1. Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. ennfreður 29.- 34. gr. sömu laga, staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 53/1988 um bílalyftur og búnað þeirra.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. febrúar 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

AUGLÝSING

**um afnám reglugerðar nr. 30/1983, um afgreiðslutíma lyfjabúða,
með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Reglugerð nr. 30/1983, um afgreiðslutíma lyfjabúða, með áorðnum breytingum, er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.